

**Ed.**

**418. Nefndarálit**

um frv. til laga um tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Frá 4. minni hluta allsherjarnefndar.

Frv. þetta hefir legið fyrir nefndinni frá því á öndverðu þingi. Komu þá þegar fram í nefndinni mjög misjafnar skoðanir um hina ýmsu kafla þess og ákvæði, svo enginn af fulltrúum flokkanna fjöggra, er nú skipa Alþingi og eiga sæti í nefndinni, gátu orðið sammála um mjög stórvægileg ákvæði þess. Á 3.

fundi nefndarinnar lýsti ég, hvaða köflum þess ég gæti fylgt, með nokkrum breytingum þó. Afstaða mín var sú, að II., III. og IV. kafla yrðu felldir niður, og I. og V. kafla samþykktir með nokkrum breytingum. Þegar svo var komið málum, mun frekari dráttur á afgreiðslu málsins hafa stafað af því, að erfiðlega gekk um nokkurn samhuga meiri hluta innan nefndarinnar. Endirinn er því sá, að enginn fulltrúi flokks í nefndinni er sammála í niðurstöðum sínum um afgreiðslu málsins. Það virðist því svo, að líkur fyrir framgangi þess séu ekki ýkjamiklar.

Frumvarp þetta er sem kunnugt er samið af millipinganefnd, sem hafði mjög skamman tíma til umráða, miðað við hve málið er stórt og umfangsmikið, enda virðist svo, sem einstakir nefndarmenn hafi í verulegum atriðum verið ósammála um niðurstöðurnar, sem sjá má af ummælum hennar á bls. 12 í greinargerð frv., en þau hljóða svo: „Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til að berá fram í þinginu breytingartillögur í þá átt, sem skoðun þeirra hvers um sig segir til um, og hafa því sem þingmenn óbundið atkvæði um einstaka kafla og einstök atriði frumvarpsins.“ Á öðrum stöðum í sömu greinargerð má sjá þess vott, að þessi ágreiningur hefir verið allverulegur. Ríkisstjórnin mun því ekki hafa séð sér fært að flytja málið sjálf, og málið því flutt inn í þingið af tveimur þm. af þremur, er sömdu það.

Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir skattstofnum, er nema kr. 1800000.00, og aðalgjaldstofninn, vörugjaldið samkvæmt III. kafla, er áætlað, að muni gefa kr. 650000.00, eða fullan þriðjung. Samkvæmt framkomnum nefndarálitum eru 4 af 5 nefndarmönnum, að mér meðtöldum, honum andvígir, og sama má segja um breytinguna við V. kafla, á þskj. 368, sem hefir nokkra lækkun í för með sér. Samkvæmt þeim nemur þessi lækkun kr. 665 þús. Þá eru 3 nefndarmenn, þeir IngP, PHerm og ÞBr, sammála um að hækka aðflutningsgjaldið um helming frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og ætti samkvæmt þeim tillögum að fást 450 þús. kr. Ég er mótfallinn þessum kafla frv. og breytingartillögum þeim, sem fram eru komnar við hann. Ég hefi með þessu bent á, hversu skoðanir nefndarmanna eru mjög á reiki um þessi mál. Aðeins einn nefndarmanna (MG) er því fylgjandi, með nokkrum breytingum þó.

Stefna frv. er í aðaldráttum sú, að koma á auknum neytlusköttum, sem lenda jafnt á fátækum og rikum. Aukið aðflutningsgjald handa sveitunum og vörugjaldið, sem bæjum og kaupúnum er ætlað sem skattstofn. Allt þetta þýðir aukið vöruverð og þar með aukna dýrtið á lífsnauðsynjum almennings, sem kemur harðast niður á fátækri alþýðu í landinu. Með þessum tekjum er ekki ætlazt til, að útgjöld séu aukin hjá bæjar- og sveitarfélögum, heldur er þeim ætlað að lækka útsvarsbyrðina, sem ekki er sýnt, á hverjum lendir, en eins má gera ráð fyrir, að lendi á hinum hærri gjaldendum, þar sem því verður við komið. Þessari skattastefnu er ég andvígur, svo lengi sem aðrar réttlátari leiðir eru færar.

Þá vil ég benda á, að á síðasta þingi voru samþykkt lög um kreppulán fyrir bæjar- og sveitarfélög utan Reykjavíkur, er nemur 1½ milljón. Má gera ráð fyrir, að sú skuldalúkning, er fæst með þeirri hjálp, létti nokkuð á árlegri gjaldabyrði bæjar- og sveitarfélaganna. Að minnsta kosti tel ég réttara, að nokkur árangur þeirrar aðstoðar sé kominn fyllilega í ljós áður en ný gjaldabyrði er lögð á skatt-

borgarana. Þá skal bent á, að fyrir þessu þingi liggur frv. um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuþla, sem gera má ráð fyrir, að samþykkt verði. En í því frv. er gert ráð fyrir að aflétta berklavarnagjaldinu af bæjar- og sýslusjóðum. Þá má enn fremur benda á alþýðutryggingarlöggjöfina og framfærslulöggjöfina frá síðasta þingi, sem hlýtur að verka þann veg, að sveitarsjóðum er mikill hagur að og bæjarfélögum að nokkru. En ekkert af þessu er farið að sýna sig í framkvæmd ennþá. En meðan svo er virðist of snemmt að gripa til óvenjulegra og illa þokkaðra aðferða og jafnframt óréttláttra um skattstofna handa bæjum og sveitum.

Atvinnumálaráðherra hefir þegar lýst yfir því á Alþingi, að hann muni fela nefnd þeirri, er vann að samningu þessa frv., að endurskoða útsvarslöggjöfina. Munu flestir flokkar í þinginu þar sammála um, að þess sé þörf. Um leið og sú endurskoðun fer fram tel ég, að sama nefndin hafi góða aðstöðu til þess að rannsaka betur, hversu knýjandi þörfin verður um aukna gjaldstofna og hverjir þeir þá eiga að vera. Um leið tel ég rétt, að leitað sé umsagnar sveitar- og bæjarstjórna, í hvaða formi þær óska skatttekna sinna í framtíðinni. Gæti það orðið nefndinni og Alþingi nokkur leiðbeining um, hvaða leiðir fara skuli í þessu máli.

Af þessu, sem ég nú hefi sagt, er ég andvígur því, að mál þetta nái fram að ganga á þessu þingi, enda tæplega orðinn tími til nú í þinglokin að afgreiða svo stórt mál, svo og litlar líkur til, að takist sambræðsla um þær andstæður, sem fram hafa komið, svo nokkurt gagn verði að, á þeim stutta tíma, sem nú er til þingloka.

Tillaga mín er því sú, að mál þetta verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem ekki er ljóst orðið, hvaða verkanir kreppuhjálpi til bæjar- og sveitarfélaga, er samþykkt var á síðasta þingi, hefir fyrir gjaldgetu þeirra, svo og löggjöf um alþýðutryggingar, framfærslulög og önnur lagafrumvörp, er samþykkt kunna að verða á þessu þingi, sem þýða minni útgjöld fyrir bæjar- og sveitarsjóði, og í trausti þess, að ríkisstjórnin leiti umsagnar hjá bæjar- og sveitarstjórnnum um fram komið frv. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og um hvaða leiðir þær æskja, að farnar séu til tekjuöflunar bæjar- og sveitarsjóðum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1936.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.